

# Stjórnarfundur í Foreldrafélagi Lágafellsskóla

21. janúar 2020

Viðstödd: Aldís, Egill, Grétar og Valdimar, Ólöf, Sonja, Sara

Efni fundarins:

## 1. Viðburðir á vorönn

Stefnt að því að hafa heilsutengdan fræðslufyrirlestur fyrir alla foreldra í febrúar. Páskabingó verður haldið seinnipartinn í mars sem fjáröflun fyrir 10. bekk. Aðalfundur félagsins verður haldinn fyrripartinn í maí og þá boðið upp á viðburð fyrir foreldra og starfsfólk Lágafellsskóla. Stefnt að því að bjóða nemendum á Höfðabergi upp á leiksýningu á önninni.

## 2. Innheimta félagsgjalda

Greiðsluseðlar verða sendir út í febrúar. Árgjald óbreytt.

## 3. Gjöf á bókasafnið

Samþykkt að gefa 150 þúsund til Bókasafns Lágafellsskóla til kaupa á bókum, spilum eða öðru sem vantar þar að mati stjórnenda.

## 4. Viðurkenning

FFLS hefur síðustu tvö ár veitt viðurkenningu til starfsmanns skólans sem hefur þótt veita nemendum og foreldrum framúrskarandi þjónustu. Í ár verður óskað eftir tilnefningum frá foreldrum.

## 5. Önnur mál

Samþykkt að hafa samband við nemendafélagið og stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar til að athuga hvort FFLS geti stutt við búnaðarkaup eða aðrar hugmyndir sem komið hafa upp í starfinu.